

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Helgi Gíslason sveitarstjóri.

Samþykkt að bæta 1. liðum við dagskrána, bréfi frá grenjaskyttum.

Dagskrá:

1. Hengifoss
2. Styrk, fjall - og smalavegir.
3. Vegagirðing á Hjarðarbóli
4. Fljótsdalsdagur
5. Skýrsla Vatnskila, júlí 2020
6. Farsímasamband í Fljótsdal
7. Laugarfellsskáli-byggingarfulltrúi 7. júlí 2020
8. Fjárbeiðnir
 - a. ÚÍA
9. Fundargerðir
 - a. Fundargerða aðgerðarstjórnar 7.7.2020
 - b. Fundargerð almannavarna 20.07.2020
10. Bréf
 - a. Sigurður Sigurðsson fv. Yfirdýralæknir
11. Skýrsla sveitarstjóra
12. Önnur mál

1. Hengifoss

Verktaki er að vinna að uppsetningu á pöllum á efsta hluta stígsins og áætlaður kostnaður vegna vinnuþáttar er 2,8 – 4,1 milljónir án vsk. Verktaki er Ingimar Jóhannsson. Kostnaður vegna framkvæmdanna verður borgaður að hluta úr framkvæmdasjóði ferðamanna.

2. Styrk, fjall - og smalavegir

Byrjað er á lagfæringum á slóða frá Miðseli og inn að Ófæruseli. Fjármunir sem fengust úr styrkvegasjóði (1,5 milljónir) verða notaðar í lagfæringu á vegi inn í Þorgerðarstaði í Suðurdal. Verði ónýttir fjármunir eftir vegna lagfæringa á slóða inn að Ófæruseli, verða þeir nýttir í lagfæringar inn í Þorgerðarstaði. Verktaki er Sveinn Ingimarsson.

3. Vegagirðing á Hjarðarbóli

Vegna ábúðarskipta á Hjarðarbóli stóð sveitarfélagið fyrir því að gert var við girðingar meðfram þjóðvegi. Vegagerðin stóð straum af efniskostnaði og verður ríkissjóður sem er eigandi jarðarinnar rúkað um kostnað vegna vinnuþáttar. Sveitarstjóra falið að hafa samband við jarðeiganda vegna málsins.

4. Fljótsdalsdagur

Sveitarstjórn er samþykkt því að stærri samkomum/hátíðum í Fljótsdal verði frestað meðan núverandi covid ástand varir.

5. Skýrsla Vatnskila, júlí 2020

Verkfræðistofan Vatnaskil hefur gefið út skýrslu um smávirkjanakosti á Íslandi. Samkvæmt henni eru 60 mögulegir virkjunarmöguleikar í Fljótsdal. Sveitarstjóra falið að undirbúa kynningu á virkjunarmöguleikunum ásamt verkfræðistofunni Vatnaskil. Sveitarstjóra einnig falið að skoða þessa virkjunarkosti og koma málinu í farveg.

6. Farsímasamband í Fljótsdal

Kynnt afrit af bréfi Landsvirkjunar til Neyðarlínunnar þann 8.7.2020. Sveitarstjórn lýsir ánægju sinni með að Neyðarlínan ásamt Landsvirkjun ætla að hefja endurbætur á farsímakerfinu í sveitarfélaginu. Jafnframt leggur sveitarstjórn áherslu á að endurbæturnar verði unnar sem fyrst til að bæta öryggi íbúa, atvinnufyrirtæka, stofnanna og ferðamanna. Sveitarstjóra falið að senda bókun sveitarstjórnar á Landsvirkjun og Neyðarlínuna.

7. Laugafellsskáli-byggingarfulltrúi 7. júlí 2020

Kynnt úttekt byggingarfulltrúa á Laugafellsskála. Sveitarstjóra falið að koma af stað viðhaldi samkvæmt skýrslu byggingarfulltrúa. Gera þarf viðauka við fjárhagsáætlun að lágmarki 800.000 kr. Einnig var samþykkt að fela sveitarstjóra að skoða tryggingarmál og þá hvort eitthvað af þessum viðhaldsverkefnum séu tryggingarmál.

8. Fjárbeiðnir

a. ÚÍA, hjólréiðakeppnin Tour de Ormurinn

Allar líkur eru á að keppninni verði frestað um ár.

9. Fundargerðir

a. Fundargerða aðgerðarstjórnar 7.7.2020. Fundur aðgerðastjórnar á Austurlandi vegna COVID 19 veirunnar.

Kynnt.

b. Fundargerð almannavarna 20.07.2020. Varðar viðbrögð við COVID 19 veirunni.

Kynnt.

10. Bréf

a. Sigurður Sigurðsson fv. Yfirdýralæknir. Varðar gamlar miltisbrandsgrafir.

Kynnt.

Lárus viku af fundi og Helgi tekur við fundarritun

b. Grenjavinnsla í sveitarfélagin 4.8.2020, erindi frá Lárusi Heiðarssyni, Hirti Kjerúlf og Sveini Ingimarssyni grenjaveiðimönnum sveitarfélagsins.

Sveitarstjóra falið að skoða fyrirkomulag tóuveiða og skyldum sveitarfélagsins gagnvart því. Einnig að skoða rétt landeiganda um friðun lands frá veiðum.

11. Skýrsla sveitarstjóra

Úttekt v. umhverfisstyrkja hefur verið framkvæmda á Eyrarlandi og Þorgerðarstöðum.

Greiddir hafa verið tveir námsstyrkir fyrir Jóns Braga Hallgrímsson og Hjördísi Sveinsdóttur.

Þjónustusamningur skóla er samþykktur af báðum aðilum og bíður undirritunar.

Í mælingum Heilbrigðiseftirlitsins kom í ljós að neysluvatnið við Hengifoss uppfyllir ekki skilyrði um neysluhæfi þ.e. of mikið er af jarðvegsgerlum í því. Unnið er að úrbótum.

Gefið hefur verið út byggingarleyfi til byggingar nýs íbúðarhúss á Sturluflöt.

Fundur með Magnúsi Þorsteinssyni um að panta viðarkyndingu fyrir Végarð. Búast má við hækkun verðs v. gengisþróunar um 1. mkr.

Sveitarstjórn samþykkir með 4 atkvæðum og einn sat hjá að taka þátt í auknum kostnaði vegna kaupa á viðarkyndara. Einnig að skoðað verði hvort hægt sé að fá endurgreiddan vsk.

Gunnþórunn vék af fundi

12. Önnur mál

Anna Jóna óskaði eftir að gerð verði kostnaðaráætlun vegna malbikunar á heimreiðum í sveitarfélaginu fyrir árið 2021.

Sveitarstjórn lýsir ánægju sinn með að hafa fengið upplýsingar um rekstraryfirlit fyrstu fjóra mánuði ársins.

Fundi slitið klukkan 17:25
Lárus ritaði fundargerð í tölvu

Jóhann F. Þórhallsson (sign)
Lárus Heiðarsson (sign)
Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)
Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)
Eiríkur J. Kjerúlf (sign)